

L Ö G

46

28. jan.

um löggilding verzlunarstaðar á Hvalskeri við Patreksfjörð.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,
Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Á Hvalskeri við Patreksfjörð skal vera löggiltur verzlunarstaður.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þá er atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið hefir ákveðið takmörk verzlunarlóðarinnar, samkvæmt lögum nr. 61 10. nóv. 1905, og birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 28. janúar 1935.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Haraldur Guðmundsson.

L Ö G

47

28. jan.

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að kaupa og starfrækja síldarverksmiðjuna á Raufarhöfn.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,
Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að kaupa og starfrækja síldarverksmiðju þá, sem nú er á Raufarhöfn, ef hagkvæmir samningar nást um kaupin. Er ríkisstjórninni heimilt að taka lán í þessu skyni.